



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
15. september 2016 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti sat fundinn þegar fjallað var um skipulagsmál í landi Víðivalla ytri I

1. Erindi frá Steingrími Karlssyni.

Steingrímur sækir um byggingarleyfi fyrir fjallaskála inn við Eyjabakka vestan Kelduárlóns. Um er að ræða 95 – 130 m² aðstöðu- og þjónustuhús fyrir ferðahópa. Hugmynd af útliti, grunnmynd og staðsetningu fylgir umsókninni. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn við suðurenda Ufsarlóns. Athuga þarf hvort staðsetningin fellur innan þess ramma eða hvort breyta þar aðalskipulaginu. Eins má jafnvel athuga hvort Steingrímur sættir sig við að hnika til staðsetningunni, þannig að ákvæði aðalskipulagsins séu uppfyllt. Byggingar- og skipulagsnefnd telur ekkert því til fyrirstöðu að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni þegar fullnægjandi uppdrættir liggja fyrir.

2. Þorgerðarstaðir.

Þórarinn Þórhallsson hafði samband við byggingarfulltrúa um uppsetningu á gámahúsi á jörðinni. Honum var bent á að leggja fram formlegt erindi til nefndarinnar ásamt lýsingu hugmyndinni þar sem fram kæmi staðsetning helst uppdráttur sem sýndi útlit og grunnmynd.

3. Hengifossvæðið.

Sagt frá hönnunarsamkeppni um aðstöðu fyrir ferðamenn við Hengifossá. Frestur til að skila inn tillögum er til 6. desember 2016.

4. Deiliskipulag í landi Víðivalla ytri I.

Sagt frá framvindu í framkvæmd deiliskipulags í Víðivallaskógi og fundi 3. sept. með landeigendum og Vilhjálmi Skúlasyni sem er einn af lóðahöfum á svæðinu. Vilhjálmur telur að aðkoma að lóðum nr. 4 og 5 sé óásættanleg og ekki í samræmi við upphaflegt deiliskipulag. Í fundarlok fóru fundarmenn í vettvangsskoðun um svæðið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson